

Orkustofnun
Hanna Björg Konráðsdóttir
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. júní 2015
2015060021/42-0
KJ, TB
tb

Umsögn um umsókn HS Orku um rannsóknaleyfi í Stóru Sandvík


Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 22. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn HS Orku um rannsóknaleyfi í Stóru Sandvík.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til almennra rannsókna til að kanna hvort umrætt svæði henti til nýtingar og hvert umfang þeirrar nýtingar gæti verið. Þessi afstaða Náttúrufræðistofnunar á eingöngu við rannsóknir sem að öllu jöfnu valda ekki neinu raski og á því ekki við um rannsóknaboranir sem eru tilkynningarskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og falla þ.a.l. undir sérstakt ferli skv. þeim lögum.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að þrátt fyrir að Stóra Sandvík sé í orkunýtingarflokki samkvæmt rammáætlun þá er rannsóknarsvæðið á eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37 gr. laga um náttúruvernd 44/1999. Náttúrufræðistofnun telur því eðlilegt að framangreint vegi þungt þegar meta á hvort rannsóknaboranir séu matsskyldar eða ekki. Mat á umhverfisáhrifum getur í tilfellum sem þessum verið eina leiðin til að tryggja að borstæði séu ekki sett niður þar sem þau raska mikilvægum jarðmyndunum eða jarðfræðilegri heild.

Í rannsóknaráætluninni er gerð grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknum á umhverfisþáttum. Þar er t.d. fjallað um lífríki, fornminjar, landslag o.fl. en ekki sérstaklega um jarðfræði m.t.t. verndar. Náttúrufræðistofnun vill benda á að þó að til sé allnákvæmt jarðfræðikort af svæðinu og verið sé að fara í nýtingarrannsóknir sem snúa að mestu að jarðfræði þá þarf að gera yfirlit yfir jarðminjar á svæðinu og leggja fram skipulegt yfirlit yfir þær einingar jarðminja sem þar eru að finna ásamt samanburði við jarðminjar utan svæðisins. Þetta þarf að gera til að fá heildstætt mat á verndargildi minjanna og grunn að nýtingu í sátt við verndarsjónarmið.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

